

**Ed.**

**56. Frumvarp til laga**

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

Á eftir 1. málsg. 95. greinar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er sakarefni skipt í skaðabótamáli út af slysi og eingöngu dæmt um skaðabótaskyldu, og getur þá dómur ákveðið, svo að bindandi sé fyrir félagið og aðfararhæft gagnvart því, að tjónvaldur greiði tjónþola ákveðna fjárhæð upp í væntanlegar skaðabætur, er komi til frádráttar, þegar bætur verða endanlega ákveðnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í lagafrumvarpi um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, er ráðgert að lögfesta heimild til þess, að þegar sakarefni í skaðabótamáli út af slysi hefur verið skipt og eingöngu er dæmt um skaðabótaskylduna, þá geti dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dóminum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. — Til samræmis við þá ráðgerðu breytingu er nauðsynlegt að gera þá breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, sem í þessu lagafrumvarpi greinir, svo að váttryggingarsali verði samkvæmt þeim lögum bundinn með sama hætti og tjónvaldur.